



Almennar umgengisreglur samþykktar af Þingvallanefnd.

- Þingvellir við Öxará eru friðlýstur helgistaður Íslendinga. Öllum er frjálst að fara um og dvelja á Þingvöllum, enda hlíti þeir reglum þjóðgarðsins um góða umgengni.
- Allt lífríki þjóðgarðsins er friðað. Raskið hvergi mannvistar- eða náttúruminum.
- Hlífið gróðri, kveikið ekki elda.
- Gangið þrifalega um landið, hendið ekki rusl á víðavangi.
- Akið hvorki né leggið bifreiðum utan vega.
- Hundar skulu ætíð hafðir í ól og hirða ber óhreinindi upp eftir þá.
- Víða leynast gjár og sprungur á svæðinu, farið því ávallt varlega, gætið sérstaklega að börnum.
- Gisting er aðeins leyfð á merktum tjaldsvæðum, virðið næturró og gangið hljóðlega um á milli kl. 24:00 og 08:00. Greiðið gistigjöld í þjónustumiðstöðinni á Leirum.
- Veidileyfi eru seld í þjónustumiðstöð. Óheimilt er að leggja á bátum út frá landi þjóðgarðsins.
- Leitið til landvarða á svæðinu eða í þjónustumiðstöð til aðstoðar og upplýsinga.
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er griðastaður. Ölvun veldur ónæði og spillir friði, ölvað fólk getur vænst þess að verða vikið af svæðinu.